

sjálftryggri útfærslu í strengnum hafa öryggisstuðul sem er minnst fjórum sinnum hærri en það sem krafist er í lið 3.2 eða 3.3.

- 4.6. Þegar fjöltauga strengur er ekki í samræmi við lið 4.2 og 4.3 skal taka tillit til allra bilana milli tauga í strengnum til viðbótar því að beita lið 3.2 eða 3.3.
- 4.7. Í vottunarskjölum fyrir rafkerfi með sjálftryggri útfærslu skal tilgreina notkunarskilyrði sem eru afleiðing af því að liðum 4.3 til 4.6 er beitt.
5. *Aukahlutir notaðir í rafkerfum með sjálftryggri útfærslu*

Þeir aukahlutir, sem taldir eru upp í vottunarskjölunum sem hlutar af rafkerfum með sjálftryggri útfærslu, skulu vera í samræmi við:

- liði 7 og 8 í Evrópustaðli EN 50014 „Almennar kröfur“,
- liði 6 og 12.2 í Evrópustaðli EN 50020 „Sjálftrygg útfærsla „i““.

Þeir skulu að minnsta kosti vera merktir með nafni framleiðanda eða skráðu vörumerki hans.

Athugasemd: Notkun óskráðra aukahluta er háð kröfum um uppsetningu.

6. *Gerðarprófanir*

Rafkerfi með sjálftryggri útfærslu skulu gerðarprófuð í samræmi við gerðarprófunarkröfur í 10. lið í Evrópustaðli EN 50020 „Sjálftrygg útfærsla „i““ en taka skal tillit til 4. liðar í þessum viðauka.

7. *Merking rafkerfa með sjálftryggri útfærslu*

Handhafi vottorðs um vottað rafkerfi með sjálftryggri útfærslu skal setja merki um það á minnst eitt af þeim rafföngum sem komið er fyrir á mikilvægum stöðum. Merkingin skal innihalda lágmarksmerkingu samkvæmt lið 27.6 í Evrópustaðli EN 50014 „Almennar kröfur“ og bókstafina „SYST“.

REGLUGERÐ

um heimildir tannlækna til að ávísa lyfjum.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um sérákvæði sem eiga við um heimildir tannlækna til að ávísa lyfjum, en að öðru leyti fer samkvæmt reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

II. KAFLI

Lyf, sem tannlæknar mega ávísa sjúklingum.

2. gr.

Tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum, þó ekki dýrum, eftirfarandi lyfjum:

1. Lyfjum til staðbundinnar verkunar á eða í tönnum eða aðliggjandi vef eða munnslímhimum.
2. Lyfjum í eftirtöldum lyfjaflokkum, sbr. skrá í gildandi sérlyfjaskrá sem byggir á ATC-flokkakerfi (Anatomical-Therapeutical-Chemical classification):

ATC-flokkur	Lyf
A 01	Munn- og tannlyf
A 04 A D	Lyf við uppköstum
A 07 A A	Sýklalyf
B 02 A A	Blæðingalyf (amínósýrur)
D 01 A	Sveppalyf til staðbundinnar notkunar
D 06	Sýklalyf við húðsjúkdómum
D 07	Barksterar
D 09 A A	Sáralín með sýkingalyfjum
J 01	Sýklalyf
J 02 A	Sveppalyf
M 01 A	Bólguþjófandi lyf og gigtarlyf
N 02 A A 59	Kódeín í blöndum
N 02 A X 02	Tramadól
N 02 B	Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf
N 05 B	Róandi og kvíðastillandi lyf, í afmældum skömmtum og minnstu skráðri pakkningastærð í senn, nema eftirritunarskyld lyf
N 05 C	Svefnlyf og róandi lyf, í afmældum skömmtum og minnstu skráðri pakkningastærð í senn, nema eftirritunarskyld lyf
N 07 B A 01	Nikótín
P 01 A B	Nítróímídazólafleiður
R 02 A	Hálslyf
R 06 A D 02	Prómetasín
R 06 A E	Píperazínafleiður

Ennfremur

ATC-flokkur	Lyf	Hámarks magn á lyfseðli
N 02 A G 02	Ketóbemídon og krampalosandi lyf í blöndum	Lyf í afmældum lyfjaformum, 20 stk.

3. Tannlæknar með sérfræðimenntun mega auk þess, sem segir hér að framan, ávísa sjúklingum sínum lyfjum í eftirtöldum lyfjaflokkum:

ATC-flokkur	Lyf
A 04 A	Lyf við uppköstum og lyf við ógleði
B 02 A	Storkusundrunarhemlar (antifibrinolytica)
B 02 B D	Storkuþættir
H 02 A B	Sykurhrífandi barksterar
J 05 A B	Núkleósíðar og núkleótíðar, að undanskildum bakritahemlum
M 03 BA 02	Karísópródól
M 03 B A 52	Karísópródól í blöndum, þó ekki með geðlyfjum
M 03 B C 51	Blönduð orfenadrínlyf
R 01 A	Lyf við nefstíflu og önnur lyf til staðverkunar
R 01 B	Neflyf, ætluð til inntöku
R 05	Hósta- og kveflyf
V 03 A B 14	Prótamínsúlfat

Landlæknisembættið gefur út skrá yfir tannlækna með sérfræðimenntun.

III. KAFLI

Lyf, sem tannlæknar mega ávísa sér til nota í starfi.

3. gr.

Tannlæknum er heimilt að ávísa sér eftirtöldum eftirritunarskyldum lyfjum til notkunar við störf sín og skulu þeir þá rita á lyfseðilinn „Til nota í starfi“:

ATC-flokkur	Lyf	Hámarks magn á lyfseðli
N 02 A A 01	Morfín	20 lykjur af stungulyfi
N 02 A G 02	Ketóbemídon og krampalosandi lyf í blöndum	20 lykjur af stungulyfi

Þá er tannlæknum með sama hætti heimilt að ávísa sjálfum sér til notkunar við störf sín þeim lyfjum sem greind eru í 2. gr., 1. og 2. tl., auk eftirfarandi:

ATC-flokkur	Lyf
A 03 B A 01	Atrópín
C 01 C A 24	Epínefrín (adrenalín)
H 02 A B 09	Hýdrókortisón
N 01 B	Staðdeyfilyf, nema útvortis lyf

Tannlæknar með sérfræðimenntun mega einnig ávísa sjálfum sér til notkunar í starfi þeim lyfjum sem tilgreind eru í 2. gr. (1., 2. og 3. tl.) og skulu þeir þá rita á lyfseðilinn „Til nota í starfi“.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

4. gr.

Þurfi tannlæknir að ávísa lyfi handa dýri eða lyfi, sem hann hefur ekki almenna heimild til að ávísa, skal það gert í samræmi við reglur um ávísun lyfja sem ekki hefur verið veitt markaðsleyfi fyrir. Lyfjaávísunin öðlast ekki gildi fyrr en Lyfjastofnun hefur staðfest hana.

V. KAFLI

Eftirlit, viðurlög og gildistaka.

5. gr.

Eftirlit.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. Skylt er að láta Lyfjastofnun í té þau gögn eða upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynleg vegna eftirlitsins.

6. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, fer að hætti opinberra mála.

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 2001. Jafnframt falla þá úr gildi 29. til 32. gr. reglugerðar nr. 421/1988 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 106

5. janúar 2001

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.
Skipagjald.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalin kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips hafi ekki látið skoða skip árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Heimilt er að fella niður helming skipagjalds hafi skip ekki verið skoðað né haft haffæri á viðkomandi almanaksári.

Ef skip er afskráð vegna úreldingar eða sölu úr landi er Siglingastofnun Íslands heimilt að fella hluta skipagjalda afskráningarárs niður að því tilskildu að aðalskoðun hafi ekki farið fram á því ári.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr. fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

<i>Skip flokkuð hjá Siglingastofnun Íslands:</i>	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m að skráningarlengd	11.900
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m mestu lengd	21.300
Fyrir skip 15 m að lengd til 24 m skráningarlengd	47.600
Fyrir skip 24 m að lengd til 45 m skráningarlengd	94.500
Fyrir skip 45 m að lengd til 60 m skráningarlengd	156.000
Fyrir skip yfir 60 m að skráningarlengd	206.500

Fyrir skip flokkuð hjá viðurkenndu flokkunarfélagi greiðist 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá, sem ekki eru háð árlegu eftirliti, greiðist árlegt gjald kr. 18.000.

Fyrir skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

Ef óskað er eftir að skoðun sé framkvæmd utan dagvinnutíma skal greiða fyrir vinnuna skv. útseldum taxa viðkomandi starfsmanns.

2. gr.
Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.